

9. gr.

Sjúkranuddara er skylt að halda dagbók um þá, er leita til hans og aðrar skýrslur í samræmi við fyrirmæli landlæknis.

10. gr.

Um sjúkranuddara gilda að öðru leyti reglur læknalaga nr. 80/1969.

Reglur læknalaga gilda um viðurlög við brotum í starfi og sviptingu starfsleyfis og endurveitingu starfsréttinda.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 24/1985 um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. janúar 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um sorphreinsun í Egilsstaðahreppi

I. KAFLI

Inngangur.

1. gr.

Egilsstaðahreppur annast eða býður út alla sorphreinsun innan marka kaupsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphreinsunin fram undir yfirstjórn sveitarfélagsins og eftirliti heilbrigðisnefndar.

II. KAFLI

Hreinsun á sorpi frá íbúðarhúsnæði.

2. gr.

Sérhver íbúðareigandi (eða leigjandi) í Egilsstaðakaupúni er skyldugur að nota þær aðferðir og ílát við sorpgeymslu og hreinsun sem sveitarstjórn ákveður.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun. Húseigendur skulu kosta kaup sorpgeymsluíláta sinna og viðhald þeirra.

3. gr.

Sorpið sem sett er í sorpílátin má vera allt venjulegt heimilissorp. Ekki má setja í sorppoka mold, mól, grjót, byggingarsorp, gras o. þ. h. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum sem hætta er á að skeri eða rífi pokana skal pakkað inn og gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Pokar mega ekki vera þyngri en svo að auðvelt sé að meðhöndla þá og ekki sé hætta á að þeir rifni. Gæta skal þess að fylla ekki sorppoka meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

4. gr.

Sorphreinsun fer að jafnaði fram einu sinni í viku. Um stórhátíðir skal framkvæma aukahreinsun, eftir því sem við verður komið og þörf kann að vera á. Verði tekið upp sorphreinsunargjald skv. 7. gr., leggur Egilsstaðahreppur til einn sorppoka fyrir hverja íbúð vikulega. Aukapoka má fá keypta í verslunum eða hjá sorphreinsunarmönnum.

5. gr.

Allt það sorp, sem eigi verður látið í poka eða sem hirða þarf örur en samþykkt þessi gerir ráð fyrir, skulu hlutaðeigendur annast sjálfir á eigin kostnað, sé ekki um annað samið.

III. KAFLI

Hreinsun á sorpi frá verslunar- og iðnfyrirtækjum.

6. gr.

Verslunar- og iðnfyrirtækjum og þeim aðilum öðrum, sem hafa með höndum starfsemi sem krefst tíðari og viðameiri sorphreinsunar en um getur hér að framan, ber sjálfum að annast og kosta þá sorphirðu. Allan flutning á vegum einstaklinga og fyrirtækja á sorphauga Egilsstaðahrepps skal framkvæma eftir ströngustu fyrirmælum sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar og skal þrífnaður í hávegum hafður.

IV. KAFLI

Sorphreinsigjald, kvartanir og brot gegn samþykkt þessari.

7. gr.

Almenn sorphirða venjulegs hússorps greiðist af sveitarsjóði, þó skal sveitarstjórn heimilt að leggja á sérstakt sorphreinsunargjald í gjaldskrá, sem heilbrigðisráðherra staðfestir. Slík gjald skal þó aldrei vera hærra en sannanlegur kostnaður við sorphirðu.

8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðunnar, skal hann koma slíkri kvörtun til hreppsnefndar Egilsstaðahrepps eða heilbrigðisfulltrúa.

9. gr.

Brjótí húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það sveitarstjórn eða heilbrigðisfulltrúa, sem gangast þá í því að úr verði bætt. Sorphreinsunarmönnum skal óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim.

10. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkv. lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

V. KAFLI

Gildistaka

11. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Egilsstaðahrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi við birtingu, hlutaðeigandi til eftirbreytni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. janúar 1986.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ragnhildur E. Þórðardóttir.